

Námsáætlun í samfélagsfræði (trúarbragðafræði) fyrir 8. bekk 2011-2012

Tímabil: ágúst 2011 – nóv. 2011

2 kennslustundir á viku

Kennari: Brynjar Karl Óttarsson

Markmið

Markmið í trúarbragðafræði eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Inntak

Ábyrgð, dugnaður og þrautseigja, frumkvæði og áræðni, jákvæðni og framkoma, námsvitund, samstarf, sjálfstæð vinnubrögð og skipulag.

Trúarlíf og trúarsiðir fimm fjölmennustu trúarbragða heims. Gyðingdómur, kristni, islam hindúasiður og búddhadómur eru tekin sérstaklega fyrir. Skoðað er hvernig trúarbrögðin móta daglegt líf og samfélög þeirra sem þau aðhyllast.

Námsefni

Maðurinn og trúin (Námsgagnastofnun).

Myndbönd.

Gögn frá kennara.

Kennsluaðferðir og skipulag

Fyrstu vikurnar verða teknar í umfjöllun á fimm fjölmennustu trúarbrögðum heims. Nemendur lesa einn kafla á viku heima og vinna verkefni tengt efni kaflans samhliða því. Nemendur gera grein fyrir afrakstri verkefnavinnunnar munnlega fyrir bekknum í vikunni á eftir og skila því einnig skriflega til kennara. Verkefni geta verið mismunandi en verða byggð á grunnþáttum menntunar og eiga að reyna á Lykilhæfniþætti. Ef tími gefst í seinni kennslustund hefst undirbúningur fyrir verkefni næstu viku. Umfjölluninni um trúarbrögðin fimm lýkur með einni skriflegri könnun. Trúarbragðafræðin klárast í byrjun nóvember.

Sjá nánar um kennsluaðferðir að neðan.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Matið á fyrsta matstímabili (okt/nóv) byggist á **Lykilhæfni í námi** (sjá að ofan) t.a.m. verkefni í tengslum við fimm fjölmennustu trúarbrögðin. Landafræði og trúarbragðafræði verða metin sem samfélagsfræði.

Lokamat að vori byggist á **Lykilhæfni** og **Hæfni innan námssviðs**. Skrifleg könnun úr trúarbrögðunum fimm. Námsmappa með úrvali verka frá vetrinum verður metin (landafræði, saga og trúarbragðafræði). Landafræði, saga og trúarbragðafræði verða metin sem samfélagsfræði.

Tímabil	Dagar	Markmið	Viðfangsefni,	Kennsluaðferðir,	Mat
---------	-------	---------	---------------	------------------	-----

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.

			námsefni	vinnubrögð	
22. - 26. ág.	4	Kynna önnina fyrir nemendum.	Kynning á kennara, viðfangsefnum námssviðs, markmiðum, námsefni, námsmati o.s.frv.	Útlistunarkennsla, fyrirlestur.	Lykilhæfni (sjá að ofan).
29. ág. - 2. sept.	5	Nemendur þekki inntakspætti og útbreiðslu helstu trúarbragða heims og ólíkra lífsviðhorfa.	Kynning á kennara, viðfangsefnum námssviðs, markmiðum, námsefni, námsmati o.s.frv. Afhending grunnbókar (<i>Maðurinn og trúin</i>). Útlistun á 1. kafla, bls. 5-13. Gyðingdómur og heimavinnuverkefni lagt fyrir.	Útlistunarkennsla, fyrirlestur. Lestur.	Lykilhæfni (sjá að ofan).
5. - 9. sept.	5	Nemendur geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum gyðingdóms.	Heimavinnuverkefni skilað munnlega og skriflega. Kristin trú og heimavinnuverkefni lagt fyrir.	Umræðu- og spurnaraðferðir, málstofa. Útlistunarkennsla, Lestur.	Lykilhæfni (sjá að ofan). Námsmappa.
12. - 16. sept.	5	Nemendur geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum kristinnar trúar.	Heimavinnuverkefni skilað munnlega og skriflega. Islam og heimavinnuverkefni lagt fyrir.	Umræðu- og spurnaraðferðir, málstofa. Útlistunarkennsla, Lestur.	Lykilhæfni (sjá að ofan). Námsmappa.
19. - 23. sept.	5	Nemendur geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum islam.	Heimavinnuverkefni skilað munnlega og skriflega. Hindúasiður og heimavinnuverkefni lagt fyrir.	Umræðu- og spurnaraðferðir, málstofa. Útlistunarkennsla, Lestur.	Lykilhæfni (sjá að ofan). Námsmappa.
26. - 30. sept.	4	Föstudagstímar falla niður vegna skipulagsdags.			
3. - 7. okt	2	Nemendur geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum hindúasiðs.	Heimavinnuverkefni skilað munnlega og skriflega. Búddhadómur og heimavinnuverkefni lagt fyrir.	Umræðu- og spurnaraðferðir, málstofa. Útlistunarkennsla, Lestur.	Lykilhæfni (sjá að ofan). Námsmappa.
10. - 14. okt.	5	Nemendur geti sagt deili á megineinkennum,	Heimavinnuverkefni skilað munnlega og skriflega.	Umræðu- og spurnaraðferðir, málstofa.	Lykilhæfni (sjá að ofan). Námsmappa.

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.

		inntaki og helgisiðum búddhadóms.		Útlistunarkennsla, Lestur.	
17. - 21. okt.	5	Nemendur geti borið saman inntakspætti helstu trúarbragða heims.	Útlistun á Önnur trúarbrögð, bls. 92-96. Nemendur velja tvo undirkafla bls. 97-101 og gera grein fyrir innihaldi.	Útlistunarkennsla, fyrirlestur og sýnikennsla. Þulunám og þjálfunaræfingar Umræðu- og spurnaraðferðir.	Lykilhæfni (sjá að ofan).
24. - 28. okt.	3		Myndbönd og krossapróf úr efni annarinnar.	Útlistunarkennsla, sýningar.	Hæfni innan námssviðs (sjá að ofan).
31. okt. - 4. nóv.	5		Uppgjör. Samræður um námssviðið-kostir og gallar og hvað stendur eftir.	Umræðu- og spurnaraðferðir.	Samræður.

GILJASKÓLI